

# Stjórnarfundur STÍ nr. 20 05.04.2024

Stjórnarfundur STÍ haldin á Teams. Fundur hefst kl. 12:00

Fundarritari: Magnús Ragnarsson

## Mættir eru:

Halldór Axelsson, Guðmundur kr. Gíslason, Magnús Ragnarsson, Jórunn Harðardóttir, Sigurður Ingi Jónsson. Ómar Örn Jónasson.

## Fundardagsskrá:

### 1. ISSF skólinn endurvakinn, endurnýjun réttinda og framhald

Farið yfir nýja skotakademíu ISSF og opnun á námskeiðum þar. Sótt verður um að senda Sigurð Inga Jónassyn sem fulltrúa STÍ á svokallað „pilot“ verkefni í sumar. Sigurður Ingi er í nefnd um þjálfunarmál hjá STÍ.

Farið yfir að þetta kemur ekki í veg fyrir að STÍ heldur áfram að vinna að eigin þjálfaranámskeiði.

Opið verður fyrir þá sem þegar hafa D og C þjálfararéttindi að sækja um til 30. apríl

### 2. Staða í afreksmálum OL og fl.

Halldór fer yfir verkefni framundan, en það snýr mikið að ólympiuleikum. Nikos er búinn að vera hér heima með námskeið. Þetta var einkaframtak, þvert á félög og á þeirra kostnað. Nokkrar iðkendur nýttu sér þetta. Samið var við Nikos að hann myndi fylgja Hákon á ólympiuleikana. ÍSÍ og afrekssjóður styðja við þetta verkefni sem kosta á 5. Miljón. Í skeet eigum við 2 afreksmenn sem hafa náð lágumökum, 1 í loftskambyssu og 1 í 50m liggjandi. Afrekstjóri og framkvæmdastjóri hafa ákveðið að senda Arnór Loga á heimsmeistaramót, þar sem tekið er tillit til aldurs hans og því að hann er 1 stigi undir lágmarsskori en þá er hægt að senda út landslið. Einnig rætt um afreksmann í sporting, Jón Valgeirsson sem skorar mjög hátt á heimslista. Rætt um stuðning vegna afreksstarfs hans.

Rætt um hlut STÍ í þjálfun en það er á vegum félaga að þjálfra fólk og sjá um þjálfun sinna iðkenda en og þeirra markmið er að koma fólki í afrekslágmark. STÍ tekur við þessu þegar iðkendur hafa náð lágmarkum. STÍ kæmi að stuðningi fyrir félög í fræðslu og ráðgjöf til efla starfið þeirra, m.a. með því að koma á sambandi milli landsambanda eða þjálfara við félög. Þetta rætt og skipst á skoðunum. Samþykkt.

### 3. Mótaskrá Benchrest fyrir 2024

Komnar eftirfarandi tillögur um mótahald í Benchrest greinum frá 4 félögum.

1. Íslandsmót í Sporter, LR og HR skv reglum WRABF hjá Akureyri 28.-29 júní
2. Íslandsmót HC skv reglum WBSF hjá SFS 13. Júlí

3. Íslandsmót Miðkveikt BR 100-200m skv reglum WBSF hjá Skaust 10.-11. Ágúst
4. Landsmót HC skv reglum WBSF hjá SR 14. ágúst
5. Landsmót VFS 100-200m skv reglum STÍ (IBS/WBSF) hjá Húsavík 17.-18. Ágúst
6. Íslandsmót VFS 100-200m skv reglum STÍ (IBS/WBSF) hjá SR 31.ágúst – 1. september

Húsavík tekur fram að þeir vilji vera til vara fyrir SR náist ekki að halda VFS mót hjá SR

## 7. Önnur mál

Farið yfir þing STÍ. Búið að framlengja skilum á starfsskýrslu og dagssetning er ekki klár ennþá.

Spurt út í verðlaun á næsta íslandsmóti í loftskammbyssu en núna er í fyrsta skipta í UNISEX. Því þarf að ákveða hvort kaupa þurfi nýjan bikar. Íslandsmót er keyrð í kynjaflokkum.

Halldór ræðir um möguleikan af ólímpíuleikum og möguleika til markaðssetningar samhliða.

Fundi slitið 13:20